

Jafnréttisáætlun

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Nóvember 2023 – október 2026



Samkvæmt lögum, nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Markmið laganna er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Með kyni í lögum er átt við konur, karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið.

Skólum ber að uppfylla 10 gr. laga nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga utan vinnumarkaðar. Í 10 gr. segir að í skólum, öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er hvers kyns mismunun vegna þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu óheimil. Skylt er að gæta þess í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunað á grundvelli upptalinna þátta hér fyrir ofan og þau séu ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar þeim sem hafa ákveðna lífsskoðun eða trú, eru á vissum aldri, af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna eða í ljósi fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar viðkomandi.

Einn af grunnþáttum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna. Jafnræði - bann við mismunun er ein af fjórum grundvallarforsendum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Í Jafnréttisstefnu Hvalfjarðarsveitar (2023) segir að þegar unnið er að því að efla jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að skoða jafnræði út frá ólíkum forsendum. Til að tryggja aukið jafnræði meðal barna er þörf fyrir markvissa vinnu sem miðar að því að draga úr fordómum, breyta viðhorfum, auka úrvinnslu tölfræðilegra gagna um stöðu barna og móta markvissa stefnu með virku samráði við börn.

Í aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla frá 2011 er fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áhersla á að öll kyn hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Einnig að sköpuð séu tækifæri fyrir öll til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífahugtak sem nær til margra þátta, m.a. aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. Í skólastarfi skulu öll taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Markmið með gerð Jafnréttisáætlunar Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að stuðla að jafnri stöðu barna og starfsmanna skólans. Gildi skólans eru virðing, metnaður, samvinna og vellíðan og í anda þeirra er fyllsta jafnréttis gætt. Jafnréttissjónarmið eru samþætt stefnumótunarvinnu skólans og eru því eðlilegur þáttur í skólastarfinu, hvað varðar starfsfólk, börn og í samstarfi við foreldra. Tekið er mið af sjónarmiðum kynja og áhrif ákvarðana skoðuð með tilliti til þeirra.

Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist. Jafnréttisáætlun skólans snýr að starfsfólki, börnum og samstarfi við foreldra.

Jafnréttisáætlun þessi ásamt Jafnréttisstefnu Hvalfjarðarsveitar er rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum. Farið er yfir stöðu verkefna og skoðað hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Á hvert ber stjórnendum að kynna fyrir starfsfólki það sem vel hefur tekist og ekki síður er gagnlegt að kynna á hvaða sviðum skólinn þarf að bæta sig. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2020 skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti og gildir því þessi áætlun til október 2026.

Jafnréttissjónarmið eru höfð að leiðarljósi í:

- Starfsmannahaldi, aðbúnaði, ráðningum og endurmenntun starfsfólks.
- Kennslu, uppeldi, námsframboði og náms- og leikefni barna.
- Samskiptum og samvinnu við heimilin.

Leiðir að þessum sjónarmiðum eru sett fram í framkvæmdaáætlun hér fyrir neðan:

Framkvæmdaáætlun

Starfsmannahald, aðbúnaður, ráðningar og endurmenntun starfsfólks

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Við ráðningar, verkaskiptingu, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal gæta að mismuna ekki vegna kyns eða annarra þátta.	Allt fólk er hvatt til að sækja um störf við skólann óháð kyni og það sérstaklega tekið fram í auglýsingum. Við verkaskiptingu skal horfa til menntunar, hæfni og styrkleika óháð kyni eða annarra þátta. Við tilfærslu í störfum eða uppsögn skal gæta að hafa lögmæta ástæðu óháð kyni eða annarra þátta.	Skólastjórnendur Skólastjórnendur Skólastjórnendur	Alltaf við auglýsingar. Þegar við á. Þegar við á.
Allt fólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Fylgja stefnu sveitarfélagsins í jafnlaunamálum. Stefnan kynnt fyrir starfsfólki. Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna	Skólastjórnendur Skrifstofustjóri/ launafulltrúi	Annað hvert ár. Lokið í apríl ár hvert.

	<p>hvort um kynbundinn launamun er að ræða.</p> <p>Jafnlaunavottun.</p>	Launafulltrúi	Lokið í maí ár hvert.
Gera starfsfólki kleift að samræma fjölskyldulíf sitt og störf innan skólans eftir því sem hægt er.	Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma þar sem því verður við komið. Skólastjóri metur óskir starfsfólks um sveigjanleika eftir aðstæðum.	Skólastjórnendur	Þegar við á.
Allt starfsfólk skal eiga kost á endurmenntun í starfi.	Gerð er símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk.	Skólastjórnendur	Árlega og birt í Starfsáætlun Skýjaborgar og Sjálfsmatskýrslu Heiðarskóla.
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni eigi sér ekki stað á vinnustað.	<p>Tilvikaskráning.</p> <p>Vinnustaðir geri samskiptasáttmála.</p> <p>Fylgja Stefnu Hvalfjarðarsveitar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.</p>	<p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Þegar við á.</p> <p>Vor 2024 tilbúin. Endurskoða á þriggja ára fresti.</p> <p>Viðvarandi. Stefnan kynnt starfsfólki annað hvert ár.</p>
Efla skal fræðslu um jafnréttismál almennt auk þess að afla upplýsinga um stöðu jafnréttismála innan skólans og kynna niðurstöður.	<p>Námskeið eða önnur fræðsla skv. símenntunaráætlun skólans.</p> <p>Jafnlaunavottun.</p> <p>Leggja fyrir gátlista um jafnrétti.</p>	<p>Skólastjórnendur</p> <p>Launafulltrúi</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Athugað í sjálfsmati skóla.</p> <p>Lokið í maí ár hvert.</p> <p>Á þriggja ára fresti fyrir uppfærslu jafnréttisáætlunar hverju sinni.</p>
Að starfsfólki í leyfi sé auðveldað að koma aftur til starfa að leyfi loknu.	<p>Starfsfólk hafi val um að vera á póstlista skólans í leyfum.</p> <p>Að starfsfólki standi til boða að sækja sí- og endurmenntun eftir því sem hægt er á vegum skólans.</p>	<p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Þegar við á.</p> <p>Þegar við á.</p>

	Að starfsfólki sé boðið að sækja viðburði starfsmanna á leyfistímanum óski það þess.	Skólastjórnendur	Þegar við á.
--	--------------------------------------------------------------------------------------	------------------	--------------

Kennsla, uppeldi, námsframboð og náms- og leikefni barna

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kennsluhættir-, leik- og námsgögn mismuni ekki börnum vegna kyns eða annarra þátta.	Starfshættir skólans, sérfræðiþjónusta, kennsluhættir, leikefni og námsgögn taki mið af jafnræði og mismuni ekki börnum.	Skólastjórnendur, kennarar	Viðvarandi. Athugað í sjálfsmati skóla.
Flétta jafnréttisfræðslu inn í allt skólastarfið.	Efna til fræðslu um mismunandi þætti jafnréttismenntunar, svo sem um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir, fjölmenningsamfélagið og fötlun. Einnig aldurshópa, búsetu og fjárráð. Huga þarf að jöfnuði innan kynslóðar, á milli kynslóða og jafnræði allra jarðarbúa.	Skólastjórnendur, kennarar	Viðvarandi. Athugað í sjálfsmati skóla.
Að starfshættir skólans mótist af jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.	Skapa börnum tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Börn og starfsfólk í skólanum skulu taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Viðteknar hugmyndir í samfélaginu skulu skoðaðar í því augnamiði að kenna börnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar.	Skólastjórnendur, kennarar Skólastjórnendur, kennarar	Athugað í sjálfsmati skóla. Viðvarandi. Athugað í sjálfsmati skóla.
Vinna að jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms.	Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms sé haft í huga við stundatöflugerð í Heiðarskóla.	Skólastjórnendur	Að vori.

	<p>Kennarar nálgist viðfangsefni á fjölbreyttan hátt m.a. í gegnum hlutbundna og skapandi vinnu.</p> <p>Reynt er að koma til móts við þarfir barna með vægi bók- og verknáms.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p>	<p>Viðvarandi.</p> <p>Viðvarandi.</p>
Gæta að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð.	Setja upp „kynja- og jafnréttisgleraugu“ við skipulagningu á skólastarfinu öllu.	Skólastjórnendur, kennarar.	Að vori. Við endurskipulag þegar við á.
Rækta með börnum þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir einstaklinga til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.	<p>Gæta þess að barnið samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem það þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.</p> <p>Stuðla að góðum skólabrag sem eflir samskiptahæfni og þroska barna til virðingar, jafnréttis og umgengni við aðra, umhverfi og náttúru.</p>	<p>Skólastjórnendur, kennarar og allt starfsfólk</p> <p>Skólastjórnendur, kennarar og allt starfsfólk</p>	<p>Viðvarandi. Athugað í sjálfsmati skóla. Könnun á líðan barna greind eftir kynjum.</p> <p>Viðvarandi. Athugað í sjálfsmati skóla. Könnun á líðan barna greind eftir kynjum.</p>
Koma í veg fyrir að börn verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á skólatíma.	<p>Fræðsla um jákvæð og uppbyggileg samskipti.</p> <p>Stuðla að góðum skólabrag sem byggir á virðingu og vinsemd.</p> <p>Skýrir verkferlar um hvað gert er ef skólinn fær vitneskju um mál er varðar börn í skólanum s.s. samvinna við barnaverndaryfirvöld og aðgerðaráætlun sbr. eineltisáætlun skólans.</p>	<p>Skólastjórnendur, kennarar</p> <p>Skólastjórnendur, kennarar</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Viðvarandi.</p> <p>Viðvarandi.</p> <p>þegar við á.</p>
Að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Nýta kynjafræði og hugtök hennar til þess að gera börn meðvituð um stöðu kynjanna í samfélaginu. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna börnum fjölbreytt námsframboð að loknum	Skólastjórnendur, kennarar	Viðvarandi.

	grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna öllum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.		
--	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	--

Samskipti og samvinna við heimilin

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að skólinn hafi samskipti við foreldra / forráðamenn óháð kyni um málefni er varða barnið eða skólann.	Foreldrar / forráðamenn séu skráðir á póstlista. Fræðsla um mikilvægi þátttöku beggja foreldra í uppeldi og námi barna. Hringt skal jafnt í foreldra / forráðamenn barns vegna veikinda eða slysa á skólatíma.	Skólastjórnendur, kennarar Skólastjórnendur, kennarar Skólastjórnendur, kennarar	Viðvarandi. Á upplýsingafundum. Viðvarandi.
Að allir foreldrar/ forráðamenn barns komi í foreldraviðtal.	Foreldrar / forráðamenn boðaðir í foreldraviðtöl. Kennarar skrá hjá sér hver mætir í foreldraviðtöl.	Kennarar	Að hausti og vori í foreldraviðtölum.
Foreldrar / forráðamenn ræði reglulega við börn sín um skólann og námið.	Hvatning og fræðsla til foreldra / forráðamanna t.d. með frammistöðumati í foreldraviðtölum eða samantekt í tölvupóstum.	Skólastjórnendur, kennarar, skólaráð	Athugað í sjálfsmati skóla.